



STAFRÆNT
SÉRPRENT

Atli Harðarson
*Dýðing á Sköpuninni eftir
Odýsseas Elýtis*

SÓN

TÍMARIT UM
ÓÐFRÆÐI

14 2016

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

14. HEFTI

RITSTJÓRAR

ANNA ÞORBJÖRG INGÓLFSDÓTTIR

HAUKUR ÞORGEIRSSON

ÓÐFRÆÐIFÉLAGIÐ BOÐN

REYKJAVÍK

2016

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFANDI
Óðfræðifélagið Boðn

VEFUR ÚTGEFANDA OG TÍMARITS
bodn.is

RITSTJÓRAR
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir
Sími: 660 5907. Netfang: annaing@bi.is

Haukur Þorgeirsson
Sími: 849 9381. Netfang: haukurth@bi.is

RITNEFND
*Alda Björk Valdimarsdóttir, Bjarki Karlsson, Bjarni Stefán Konráðsson,
Helgi Skúli Kjartansson, Klaus Johan Myrvoll, Kristján Árnason,
Kristján Eiríksson, Kristján Jóhann Jónsson, Mikael Males,
Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Rósa Þorsteinsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson,
Þórður Helgason, Þórunn Sigurðardóttir*

MYND Á KÁPU
Aðalsteinn Svanur Sigfússon

UMBROT
Bjarki Karlsson

LETUR
Greinar: *Junicode eftir Peter Baker*
Ljóð: *Adobe Garamond Pro*

PRENTUN
Litlaprent

ISSN 1670-3723

Efni

I. RITRÝNDAR GREINAR

Rósa Þorsteinsdóttir: „ <i>Það vill heldur djassinn ...</i> “ – <i>Um vinsældir rímnakveðskapar á síðustu öld</i>	11
Þorgeir Sigurðsson: Tvískelfdur háttur og REKSTEFJA	35
Heimir Pálsson: <i>Tilraun til menningarbyltingar</i>	75
Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Sigurður Konráðsson: Hlutföll hljóða í ljóðstöfum.	103
Haukur Þorgeirsson: <i>Hnútasvipa Sievers prófessors – Um bragfræði Völuspár</i>	115

II. ÓÐFLUGUR OG UMRÆÐUGREINAR

Atli Harðarson: <i>Þýðing á Sköpuninni eftir Oðýssea Elytis</i>	149
Helgi Skúli Kjartansson: <i>Sönglög og bragliðir</i>	167
Þórunn Sigurðardóttir: „Af hrærðum hjörtum“ – Tregablandið þakklæti í heillaósk til handa árgömlu barni eftir Ara Jochumsson	173
Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir: <i>Stigið yfir þröskuld táranna – Um Upphafningu Inönnu eftir Enbedúönnu</i>	179
Þórður Helgason: <i>Boð á ástarfund.</i>	189

III. RITSTJÓRNAREFNI

Óðfræðifélagið Boðn – annáll ársins 2016	200
Tilkynningar: Aðalfundur 2017 og Boðnarþing 2017 – Ljóðlist á 21. öld . .	202

L J Ó Ð

Sigurður Pálsson: HAUSTLITASYNFÓNÍAN – (Sónarljóð 2016)	4
Jón Ingvar Jónsson: NJÁLSRÍMUR.	31
Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir: VERKLOK	73
Soffía Bjarnadóttir: MEÐ TUNGUNNI	101
Eiríkur Örn Norðdahl: LJÓÐ UM SÝNILEIKA	112
Sigurlín Bjarney Gísladóttir: TVÍEIN/NN (HERMAFRÓDÍTUS OG SALMAKIS Í TJÖRNINND)	164
Dagur Hjartarson: EFTIR NÆTURVAKT Á KLEPPI	172
Þórður Helgason: AF JÓLAKETTI	178
Guðrún Hannesdóttir: LAUS TAUMUR.	196

Sónarskáld

Sigurður Pálsson (f. 1948) gaf út sína fyrstu ljóðabók árið 1975 og nú eru ljóðabækur hans orðnar sextán. Sú nýjasta heitir *Ljóð muna rödd*. Hann hefur einnig samið leikrit og gefið út minningabækur og sinnt mikilsverðum þýðingum úr frönsku. Sigurður er menntaður í leikhúsfræðum og bókmenntum frá Sorbonne háskóla í París og hefur kennt við Leiklistarskóla Íslands en síðustu ár hefur hann kennt ritlist við Háskóla Íslands. Sigurði hafa hlotnast margvíslegar viðurkenningar fyrir ritstörf sín, bæði hérlendis og í Frakklandi.

Sónarljóð 2016

Sigurður Pálsson

Haustlitasynfónían

Nú er það komið
haustið eilífa

Allt kyrrist
Engir litir
komast hjá því að breytast

Haustið eltir þá uppi
hvort sem þeim líkar
betur eða verr

Breytir þeim umbreytir þeim
blessuðum einlægu litunum

Og haustið skipar þeim
að hætta að væla
skipar þeim harðri hendi

að gegna hlutverki sínu
göfugu hlutverki sínu:

Að syngja hinu hverfula dýrðaróð
Syngja hinu horfna saknaðaróð
Syngja hinu ókomna fagnaðaróð

Höfundar greina

Atli Harðarson (f. 1960) er heimspekingur og með doktorspróf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hann er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Haukur Þorgeirsson (f. 1980) er með doktorspróf í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hann er rannsóknardósent við Handritasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimir Pálsson (f. 1944) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands og með dósentpróf frá Uppsalaháskóla. Hann hefur lengst af starfað að menntamálum og bókaútgáfu og stundar nú sem eftirlaunamaður rannsóknir á Snorra-Eddu.

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í sagnfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir (f. 1987) er með MA-próf í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Hún er sjálfstætt starfandi fræðimaður hjá Reykjavíkurakademiunni og stundar rannsóknir á bókmenntaarfi Mesópótamíu; þýðingar úr súmersku og akkadísku og greiningar á þeim verkum. Einnig skrifar hún greinar og bókadóma, meðal annars á miðlunum *Hugrás* og *Sirkustjaldinu*.

Sigurður Konráðsson (f. 1953) er cand. mag. í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (f. 1944) er doktor í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er ljóðskáld og fyrrverandi aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en er nú sjálfstætt starfandi fræðimaður.

Rósa Þorsteinsdóttir (f. 1958) er með MA-próf í þjóðfræði frá Háskóla Íslands. Hún er rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þorgeir Sigurðsson (f. 1957) er rafmagnsverkfræðingur frá DTU í Kaupmannahöfn og með MA-próf í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands. Hann er fagstjóri hjá Geislavörnum ríkisins og doktorsnemi í íslenskri málfræði.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er ljóðskáld og fyrrum dósent í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en er nú sjálfstætt starfandi fræðimaður .

Þórunn Sigurðardóttir (f. 1954) er með doktorspróf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún er rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

II

Óðflugur og
umræðugreinar

Atli Harðarson

Þýðing á Sköpuninni

sem er fyrsti hluti ljóðabókarinnar
Verðugt er það, *eftir Oðýsseas Elýtis*

Inngangur

Gríska ljóðskáldið Oðýsseas Elýtis fæddist í borginni Irakleio (Hera-
kleion) á Krít árið 1911. Faðir hans var sonur vel stæðra landeigenda
á Lesbos. Fjölskyldan flutti til Aþenu árið 1914 og þar bjó Elýtis frá
þriggja ára aldri til dauðadags árið 1996. Hann hlaut Nóbelsverðlaunin í
bókmenntum árið 1979.

Elýtis birti ljóð opinberlega í fyrsta sinn árið 1935 eða um svipað leyti
og aðrir helstu upphafsmenn móðernisma í grískri ljóðagerð, til dæmis
þeir Giórgos Seferis og Níkos Gatstos (sjá Atli Harðarson 2015).

Fyrsta ljóðabók Elýtis kom út árið 1939. Þekktasta verk hans er
Verðugt er það (Το άξιον εστί / *To axion esti*) sem út kom 1959. Skömmu
eftir útkomu þeirrar bókar samdi tónskáldið Mikis Þeodorakis tónverk
við hluta ljóðanna. Nokkrir söngvar úr því verki urðu feikivinsælir og
áttu sinn þátt í að gera ljóðin landfleyg.

Verðugt er það skiptist í þrjá hluta. Sá fyrsti, sem hér birtist í íslenskri
þýðingu, heitir Sköpunin (Η γένεσις / *I genesis*). Annar hlutinn og sá
lengsti ber yfirskriftina Þjáningarnar (Τα πάθη / *Ta paþi*) og sá þriðji
kallast Dýrðin (Το δοξαστικόν / *To doxastikon*). Íslenskar þýðingar sem
ég gerði á fjórum ljóðum úr Þjáningunum hafa birst í bókinni *Grikkland*
alla tíð (Kristján Árnason 2013:317–320).

Eins og Katerina Andriotis (2009) gerir grein fyrir í bók sinni *Walt Whitman & Odysseus Elytis* er sumt líkt með *Verðugt er það* og frægasta ljóðabálki Whitmans (1819–1892) sem heitir SÖNGUR UM SJÁLFAN MIG (Song of Myself) og birtist fyrst í bókinni *Leaves of grass* árið 1855. Líkt og hjá Elytis, rúmri öld síðar, er mælandinn í ljóðum Whitmans í senn hann sjálfur, land hans og þjóð. Það er einnig sammerkt með þessum ljóðabálkum að myndin af landinu, annars vegar Bandaríkjunum og hins vegar Grikklandi, er dregin sem andstæða myndar sem haldið var að fólki en skáldunum þótti röng.

Í viðtali við eistneska skáldið og bókmenntafræðinginn Ivar Ivask sagði Elytis að hann og fleiri skáld af hans kynslóð hefðu reynt að draga upp sanna mynd af Grikklandi: „Þetta var nauðsynlegt vegna þess að Grikkland var sýnt eins og Evrópumenn sáu það. ... Á Vesturlöndum var myndin af Grikklandi sú mynd sem endurreisnarmenn bjuggu til. En sú mynd er ekki sönn“ (Ivask og Ivask 1975:631).

Innan við tvítugt kynntist Elytis skáldskap Paul Eluard (1895–1952) og fleiri franskra súrrealista sem höfðu mikil áhrif á hann. Í smiðju súrrealista fann hann verkfæri til að draga fram aðra mynd af Grikklandi en þá sem hann tengdi rökhyggju Vesturlanda og aðdáun á klassískri fornöld (Myrsiades, 1996).

Elytis lýsir landi sínu sem heimkynnum ólívutráanna, sólarljóssins og þess smáa í náttúrunni. Niður haföldunnar, hvískrið í trjánnum, dýr og jurtir skipta meira máli en hin forna gullöld. Í Sköpuninni myndar hann þetta land um leið og það mótar hann sjálfan – mælandinn er í senn maður á miðri síðustu öld og tímalaus andi lands og þjóðar. Í síðasta ljóðinu af sjö rennur þetta tvíeðli sögumanns saman í eitt þar sem segir:

Og sá sem ég var að sönnu Sá sem ég var fyrir fjölmörgum öldum
Sá sem er ennþá í eldinum ferskur og grænn og Ekki skorinn frá himni
Gekk inn í mig og Varð
sá sem ég er

Þegar ég þýddi Sköpunina þurfti ég sjaldan að fletta upp í skrifum um menningarsögu en þess oftast í ritum um náttúrufræði til að finna rétt nöfn á dýrum og jurtum. Stundum tókst það. Stundum leyfði ég mér svolitla ónákvæmni þar sem ég fann ekki íslensk heiti á öllu sem lífsanda dregur suður á Grikklandi. Í einstöku tilvikum hliðraði ég mér líka hjá að nota íslensk tegundaheiti. Orðrétt þýðing á „λεμονιές

κιτριές μανταρινιές“ (lemonies kitries mandarinies) er til dæmis „sítrón-utré, skrápsítrónutré og mandarínutré“ en mér þótti illskárra að segja „sítrusaldiré af ýmsum gerðum“. Sum heiti jurta og dýra sem algeng eru á Grikklandi eru hversdagsleg orð í munni fólks þar en íslensku orðin sjaldan notuð. Þó að Grikkir kannist við *πέρικα*, *γοβίος* og *σπάρος* (perka, govios og sparos) er ef til vill ekki á almannavitroði hér að borri, kýtlingur og sargari eru fiskar.

Ég reyndi að nota eigin tilfinningu fyrir náttúru Grikklands sem ég hef fengið með gönguferðum um sveitir þess fagra lands á hverju sumri í meira en áratug. Samt vantar mikið á að ég hafi miðlað öllu sem máli skiptir enda fannst mér ég stundum í álíka vonlausri stöðu og sá þýðandi líkast til væri sem reyndi að tala um „krækilyng sem eitt sinn óx við klett og átti að vinum gamburmosa og stein“ við fólk sem ekki þekkir angan úr berjamó og andrúmsloft íslenskra heiða.

Annað sem olli mér nokkrum vanda við þýðinguna var að mörg náttúruferirbæri sem Elýtis persónugerir hafa annað kyn í grísku en íslensku. Þar er sólin (*ήλιος* / *ilios*) karlkyns en sjórin (*θάλασσα* / *þalassa*) kvenkyns. Á stöku stað tók ég bessaleyfi til að bjarga mér, til dæmis með því að nota orðið hafalda þar sem orðrétt þýðing hefði verið haf eða sjór. Á stöku stað breytti ég myndmálinu líka ögn til að halda í ljóðræn einkenni þó það væri á kostnað nákvæmninnar.

Gríska er ólík öðrum Evrópumálum að því leyti hvað hún á sér langa sögu sem ritmál og hvað hún hefur breyst lítið í aldanna rás. Nútímamálið er nauðalíkt máli guðspjallanna sem voru rituð fyrir nær tveim árþúsundum. Þótt beinar vísanir í fornrit, goðafræði og bibliútexta komi lítið fyrir í *Verðugt er það* notar Elýtis þessa sögu og bregður fyrir sig orðfæri frá ýmsum tímum, allt aftur til Hómers. Þetta tapast í þýðingu.

Málið á ljóðum Elýtis er fjarri hversdagsmáli – „ég mundi jafnvel ganga svo langt að segja að málnotkun mín sé andstæð hversdagsmáli“ segir hann í áður nefndu viðtali við Ivar Ivask (Ivask og Ivask 1975:638) og bætir því við að hann raði orðunum þannig að þau birtist sem fágæti. Ég vona að ég hafi miðlað einhverju af þessu skjaldhafnarorðalagi.

Ég hef þýtt eftir textanum í fimmtu prentun á ljóðasafni Elýtis (Elytis 2008:117–133) sem kom fyrst út árið 2002. Til samanburðar hef ég haft enska þýðingu Edmund Keely og George Savidis (Elytis 2007) sem var upphaflega gefin út 1974, enska þýðingu Jeffrey Carson og Nikos Sarris (Elytis 2004:123–133) og Norska þýðingu Tore Fros og Egil A. Wyller (Elytis 1983). Athugasemdir í neðanmálgreinum eru að miklu leyti sóttar í skýringar við þessar ensku og norsku þýðingar.

Þegar drög að þýðingunni lágu fyrir las Kristján Eiríksson hana yfir og hjálpaði mér að laga orðalag á nokkrum stöðum. Ég þakka honum fyrir en axla einn ábyrgð á ónákvæmni og hnökrum sem enn kunna að finnast.

HEIMILDIR

- Andriotis, Katerina. 2009. *Walt Whitman & Odysseus Elytis*. Tate Publishing, Mustang OK.
- Atli Harðarson. 2015. Ljóðið Afneitun eftir Giorgos Seferis. *Són* 13, bls. 136–141.
- Elytis, Odysseas. 1983. *To axion esti: Verdig det er*. Tore Fros og Egil A. Wyller þýddu. J. W. Cappelen Forlag, Lillehammer.
- Elytis, Odysseus. 2004. *The Collected Poems of Odysseus Elytis*. Jeffrey Carson og Nikos Sarris þýddu. The Johns Hopkins University Press, Baltimore.
- Elytis, Odysseus. 2007. *The Axion Esti*. Edmund Keely og George Savidis þýddu. Anvil Press, London.
- Ελύτης, Οδυσσεύς. 2008. Ποίηση. Ικαρος, Αθήνα.
- Ivask, Ivar og Ivask, Astrid. 1975. Odysseus Elytis on His Poetry. *Books Abroad* 49, 4:631–645. doi:10.2307/40129765.
- Kristján Árnason (ritstj.). 2013. *Grikkland alla tíð: Sýnisbók þýðinga úr grísku*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Myrsiades, Kostas. 1996. Odysseus Elytis and the Thirties Generation in Modern Greek Poetry. *Journal of the Hellenic Diaspora* 22.1:105–121. Sótt af digitalcommons.wcupa.edu/eng_facpub/26

Oðýsseas Elýtis (1911–1996)

Sköpunin

Í UPPHAFI ljósið Og fyrsta stundin
þegar varirnar ennþá í leirnum
bragða á veraldar vegum
Blóðið svo grænt og gullnir laukar í jörð
Hafaldan undursamlega breiddi út
himinsins glitrandi blæjur í svefni
undir Jóhannesartrjám og háum beinvöxnum pálmum
Þar mætti ég
heiminum einn
og ég volaði og grét
Sála mín leitaði Merkisbera og Sendiboða
Ég man að þá sá ég
Svörtu Konurnar þrjár¹
lyfta höndum mót Austri
Gullnar á hrygginn og smám saman hvarf burtu
skýið sem skildu þær eftir
til hægri Og jurtir með framandlegt útlit
Það var sólin öll með fjölda sinn af geislum
og möndul í mér sem kallaði Og
sá sem ég var að sönnu Sá sem ég var fyrir fjölmörgum öldum
Sá sem er ennþá í eldinum ferskur og grænn og Ekki skorinn frá himni
Ég fann að hann kom og beygði sig
yfir vöggju mín sjálfs
eins og minning sem orðin að nútíð
tók málróm frá bárum og trjám:
„Ditt boðorð er“ sagði hann „þessi heimur
það er skrifað í iður þín sjálfs
Lestu og legðu þig fram
þú skalt berjast“ sagði hann
„Vopnist nú allir“ sagði hann

1 Þessar konur minna á örlaganornirnar úr Þjóðtrú Grikkja.

Og var eins og ungur Guð sem enn er að læra
þegar hann breiddi út faðminn og skapaði þjáningu og fögnuð í senn.
Fyrst drógust naglarnir úr með afli
hátt uppi á veggnum svo féllu þær niður
Axirnar Sjö²
rétt eins og Stormur
í upphafi vega þar sem fugl allt frá byrjun
ilmar að nýju svo vel
sneri blóðið hreint til síns heima
og óvættir tóku á sig mannlega mynd
Svo auðsett hið Óskiljanlega
Þá komu líka allir vindarnir úr ætt minni
drengirnir með útblásnu kinnarnar
og breiðan grænan afturenda eins og á Hafmeyjum
og aðrir fornir öldungar sem ég þekkti
með skeljahúð og vaxnir skeggi
Og þeir skiptu skýinu í tvo hluta Og síðan í fjóra
og blésu í Norðrið³ því litla sem eftir leifði
Stoltur gekk Turninn mikli⁴ á breiðum fæti í vatnið
Sjóndeildarhringurinn ljómandi lína
svo sýnileg og þykk og óyfirstíganleg

ÞETTA er sálmurinn fyrsti.

Og SÁ sem ég var að sönnu Sá sem ég var fyrir fjölmörgum öldum
Sá sem er ennþá í eldinum ferskur og grænn Ekki gerður af höndum
dró með fingrinum línur
í fjarska
sem risu stundum bratt í hæðir
en fóru líka lágt í mjúkum sveigjum
ein inni öðrum
mikil lönd og mér þótti
lyktin af mold eins og ilmandi hugsun
Svo var það að sönnu
að trygglynd jörðin kom með mér
varð hér og þar rauðleit í laumi
og sums staðar þakin litlum furunálum

-
- 2 Í Irakleio (Herakleion) á Krít, þar sem Elýtis fæddist, voru sjö axir á virkisvegg. Þær voru settar upp af tyrkneskum yfirvöldum meðan þau réðu þar ríkjum og teknar niður þegar Krít varð hluti af gríska ríkinu árið 1912.
- 3 Sé litið svo á að mælandi sé á Krít er Norðrið ef til vill allir aðrir hlutar Grikklands.
- 4 Í frumtextanum heitir þetta mannvirki Κούλες (Kúles) en svo nefndist feneyska virkið í Irakleio.

Hæðirnar og brekkurnar dró ég svo
 með letilegum hreyfingum
 og sem tímar liðu og höndin fékk hvíld
 dali og sléttur
 og aftur í skyndingu stórgrýtið nakið og villt
 sem geysist af afli
 Staðnæmdist augnablik til að íhuga
 eitthvað sem var torsótt eða eitthvað sem gnæfði hátt
 Ólympstind eða Taygetus
 „Eitthvað sem stendur með þér og hald er í
 jafnvel eftir að þú ert dauður“ þá sagði hann
 Og dró þræði innan í bergið
 tók flögustein úr iðrum jarðar
 festi þar sem landið hallar þrep í hringi
 Þarna lét hann einn síns liðs
 brunna úr hvítum marmara
 vindmyllur
 hvolfþök lítil og rósrauð
 og dúfnahús há með holóttum veggjum

Dygðin⁵ með sín fjögur réttu born

Og úr því hann hugsaði hve gott það er
 að vera hvert í annars faðmi
 fylltust vatnsbólín stóru af ást
 og góðlátleg dýr lutu höfði kálfar og kýr
 eins og veröldin væri laus við freistingar
 og það væru enn ekki til neinir hnífar
 „Til að þola friðinn þarftu styrk“ sagði hann
 og sneri sér og sáði opnum lófum
 kóngaljósi, dvergalilju, klukkublómi
 hverri gerð af stjörnum jarðar
 og allar fengu á einu laufi skorið mark um upphaf sitt
 mátt og yfirburði

ÞETTA

er heimurinn smái og heimurinn stóri!

ÞEGAR ÉG hóf leit mína að útsýni og víðáttu
 áður en heyrðist þytur í lofti eða tónlist
 (gekk ég upp endalausan rauðan sand
 og strokaði Söguna út með hælunum)

5 Gríska orðið sem er þýtt með dygð er αρετή (areti) og það er líka kvenmannsnafn.

glímdi við rúmfötin⁶ Leitaði að því
sem er saklaust og skjálfandi líkt og vínekra
en samt djúpt með slétta ásýnd eins og hitt andlitíð á himninum
Ögn af sál í jarðar leir

Þá tók hann til máls og hafð fæddist
Með undrun og aðdáun horfði ég á
Og sáði í miðju þess veröldum smáum
þær líktust mér sjálfum:
Hestar úr steini með reistan makka
kyrrlát og friðsamleg keröld
hallandi bók höfrunganna.

Ios, Sikinos, Serifos, Milos⁷
„Hvert orð er svalt⁸
svo það færi þér vor inn í sumarsins breyskju“ sagði hann
„Og mikið af ólívutrájum
sem sigta í höndum sér ljósið
svo það breiðist létt yfir svefn þinn
og mikið af söngtífum
sem þú tekur ekki eftir
frekar en æðaslætti við úlnliðinn
en lítið af vatni
svo þú hafir það fyrir Guð og skiljir hvað orð þess þýða
og tréð stendur eitt
enginn búsmali hjá
svo það verði þér vinur
og þú þekkir þess ágæta nafn
jarðvegurinn undir fótum þér er grunnur
svo þú breiðir ekki úr miklum rótum
þótt þú leitir sífellt dýpra
og himininn er víður
svo þú getir sjálfur lesið það óendanlega“

ÞETTA
er heimurinn smái og heimurinn stóri!

„OG ÞENNAN HEIM þarftu að sjá og veita honum viðtöku“
sagði hann: „Littu nú á“ Og augnaráð mitt dreifði sáðkorni
yfir mörg þúsund ótroðnar ekrur
hraðar en regnskúrur geysast um landið

6 Á grísku getur glíma við rúmfötin átt við martröð.

7 Þessar fjórar eyjar tilheyra allar Hringeyjum í Eyjahafi.

8 Á Grikklandi er svalan vorboði eins og lóan hjá okkur.

Gneistar sem skjóta rötum í myrkríð og vatn sem sprettur fram
 Í þögnina ruddi ég beð til að sá í
 fræjum af talmálsins hljóðum og planta sprotum af spá
 Ég var ennþá með hlújárn í höndum
 og sá stuttfættar jurtir og miklar snúa ásjónum sínum
 sumar geltu og aðrar ráku út úr sér tunguna:
 Það var spergill það var karsi
 það var hrokkinhærð steinselja
 náttskuggajurt og mánabrúður
 fennikan og ertublómin

Leynilegir orðhlutar sem ég reyndi að nota til að segja hver ég var
 „Frábært“ sagði hann við mig „nú kanntu að lesa
 og margt muntu læra

ef þú kafar djúpt í það þýðingarlausu
 Og þér berst liðsauki einn daginn

Mundu:
 vestanvindinn glímufúsa
 granateplið⁹ sem sigraði myrkríð
 léttfætta logandi kossa

Og orð hans þau hurfu eins og ilmur
 Djúpur hjartsláttur akurhæunnar sló níundu stund með fögrum hljómi
 og húsin stóðu saman
 lítil og ferhyrnd
 boginn hvítur hurðin blá

Undir vínviðnum
 dreyndi mig dagdrauma tímunum saman
 við ofurlítinn klíð
 tíst og hjal og kvak sem barst úr fjarska
 Það var storkurinn það var ljúfan-dúfan
 það var fagurfuglinn
 náttfarinn og sefhænan

þarna voru vespur líka
 og smáhesturinn sem sagt er að Guðs móðir eigi¹⁰

Landið þar sem lendar mínar eru naktar í sólinni
 og aftur höfin tvö
 með hið þriðja á milli – sítrusaldintré af ýmsum gerðum –
 svo ummyndar heiðhvolfið norðvestanvindurinn svali
 sem næðir um skörð upp til fjalla

9 Granateplið hefur frá fornri tíð haft ýmsa táknræna merkingu. Það er tákn Persefónu sem er drottning undirheima í grískri goðafræði og það hefur líka stundum minnt á ást og stundum merkt sigur Krists yfir dauðanum.

10 Skordýr sem heitir bænabeida á íslensku (mantodea á latínu) kalla Grikkir smáhest guðsmóður (αλογάκι της Παναγίας / alogaki tis Panagias), kannski vegna þess að framlimir þess minna á hendur manna þegar þeir biðjast fyrir.

Neðst þar sem laufið liggur á botni
 völusteina hafið fágur
 jurtir blómgast
 óþreyjufullir sprotar vaxa og

ÞETTA
 er heimurinn smái og heimurinn stóri!

EFTIR ÞETTA skildi ég nið haföldunnar og endalaust
 hvískrið í trjánunum

Ég sá rauð vatnskeröld standa í röð á bryggjunni
 og þar sem ég lá sofandi á hliðinni
 var trúfleki fyrir glugganum og við hann
 kvað norðanvindurinn sterkum rómi
 Og ég sá

Fagrar naktar stúlkur sléttar á húð eins og vökur í sjónum
 með svolítið svart milli læra

og meira sem breiddist af gnótt yfir axlir
 Þær stóðu uppréttar og blésu í kuðung
 og aðrar skrifuðu með kalksteini
 dularfull framandi orð

ERSO FAH FÖHN
 LÓS DEIKÓLAUDI YLITES¹¹

veikur ómur frá fugli og goðalilju
 eða öðru sem sagt er í júlí

Ellefta stundin

fimm faðma dýpi
 kýtlingar borrar sargarafiskar
 með risastór tálkn og stuttan skutlaga sporð
 Á uppleið fann ég svampa
 krossfiska og sæfifla
 þunnvaxna og þöglá

og ofar við sjávarmál
 þarahettur með rósrauðum lit
 hálfopnar skeljar og saltjurtabreiðu

„Dýr þessi orð“ sagði hann við mig „fornir eiðar
 sem varðveitir Tíminn og óbrigðul heyrn hinna fjarlægðu vinda“
 Og þar sem ég lá sofandi á hliðinni

¹¹ Í frumtextanum stendur ΡΩΕΣ, ΑΛΑΣΘΑΣ, ΑΡΙΜΝΑ, ΟΛΗΙΣ, ΑΙΑΣΑΝΘΑ, ΤΕΑΤΗΣ sem getur verið fengið með stafarugli úr orðunum ΕΡΩΣ (Eros), ΘΑΛΑΣΣΑ (sjór), ΜΑΡΙΝΑ (höfn), ΗΛΙΟΣ (sól), ΑΘΑΝΑΣΙΑ (ódaudleiki) og ΕΛΥΤΗΣ (Elytis). Fyrsta orðið gæti líka verið ΩΡΕΣ (stundir).

með tréfleka fyrir glugganum
þrýsti ég púðanum fast að brjósti mér
og augun fylltust af tárur
Ást mín var komin á sjötta mánuð
og dýrmætt það frjó sem í iðrum mér hrærðist

ÞETTA
er heimurinn smái og heimurinn stóri!

„EN FYRST muntu sjá auðnina og færa henni
hugsun þín sjálfs“ sagði hann
„Auðnin kemur á undan hjarta þínu
og líka á eftir því þá heldur hún áfram
Og þetta eitt skaltu vita:
Allt sem þú bjargar innan úr eldingunni
varir í eilífum hreinleik“
Og hátt yfir öldunum
reisti hann þorpin úr grjóti
Og löðrið þyrlaðist þangað sem ryk
veikbyggaða geit sá ég sleikja úr skorningum bergsins
með skásett augað og líkamann harðan sem kvars
Í öll þau ár sem Spekin um mælti
lifði ég við engisprettur¹² og þorstann
og fingur með hrufóttum liðamótum
Nótt eftir nótt
grúfði ég yfir pappírurum og seig í mjóum þræði
niður í botnlausar bækur
ég leitaði að hvítu allt til þess svartasta
afsvörtu Að von þar til tárin féllu
Og unaði fram á ystu brún örventingarinnar
Þar kom að hjálp skyldi send
og það kom í hlut rigningarinnar
lækirnir hjöluðu allan daginn
ég hljóp eins og óður maður
í brekkunum reitti ég ilmandi blöðin af trjánum og vindarnir átu
brúðarlauf úr lófa mínum
„Það óspjallaða“ sagði hann „er
það sama hér í brekkunum og í iðrum þín sjálfs“
Og hann breiddi út hendur sínar
eins og gamall og spakvitur guð sem skapar leir og það himneska í senn

12 Ef til vill er þetta vísun í frásögn Mattheusar guðspjallamanns af Jóhannesi skírara, en í 3. kafla Mattheusarguðspjalls segir að hann hafi haft sér til matar engisprettur og villihunang.

Kynti upp fjallatinda svo þeir urðu næstum glóandi
 og festi í giljunum grænan og óbitinn gróður
 sitrónujárnurt lofnarblóm myntu
 og örlítil spor eftir klaufir á lömbum
 fallandi af hæðum á öðrum stað
 fingerðir þræðir úr silfri, svalandi lokkar stúlku sem ég sá
 og sem ég þræði
 Raunveruleg kona
 „Það óspjallaða“ sagði hann „það er hún“
 og ég gældi við líkamann fullur af þrá
 tenntir munnarnir mættust í kossi, svo hvort inni öðru
 Ég var skekinn
 sem akkerisfesti í djúp
 þar sem hellarnir anda
 Á ilskónum hvítum fór bergmál eitt augnablik hjá
 í skyndingu hornfiskur ofan í sjónum
 og í hæðum með fell fyrir fót Og sól fyrir höfuð með krúnu
 sá ég stíga upp Sporlaust Hrutinn þann Mesta
 Og sá sem ég var að sönnu Sá sem ég var fyrir fjölmörgum öldum
 Sá sem er ennþá í eldinum ferskur og grænn og Ekki skorinn frá himni
 hvíslaði þegar ég spurði
 – Hvað er gott? Hvað er illt?
 – Tákni Tákni
 og ofan á því heldurðu jafnvægi og ert raunverulegur
 lengra í burtu eru óreiða og myrkur
 en bak við það gnista englarnir tönnum
 – Tákni Tákni
 og á því getur þú haldið endalaust áfram
 að öðrum kosti er ekkert lengur til
 Á vogarskálunum voru eðlishvatir annars vegar
 hins vegar ljósið þegar ég breiddi út hendur og

ÞETTA
 er heimurinn smái og heimurinn stóri!

ÞAR SEM STUNDIRNAR snerust eins og dagar
 með stórum fjóluþláum laufum á klukku garðsins voru
 Visarnir ég sjálfur
 þriðjudagur miðvikudagur fimmtudagur
 júní júlí ágúst
 Benti á það óhjákvæmilega sem kom framan í mig
 eins og saltþækil Stelpuskordýr
 og Fjarlægir gneistar frá Írisi regnbogagyðju –

„Allur þessi tími sakleysisins
 tími hvolpa og nýgræðings
 löngu áður en neitt varð Nauðsynlegt“ sagði hann mér
 Og ýtti hættunni burt með einum fingri
 Á höfða í sjó fram lét hann svartar augabrunir
 Fosfórnum jós hann úr óþekktum stað
 „Svo þú sjáir“ sagði hann „innan í
 líkama þín sjálfs
 æðar úr kalíni mangani
 og kalkaðar eldgamlar
 leifar af ást“
 Og hjarta mitt herptist þá saman af krafti
í fyrsta sinn brakaði inni mér timbur
 um nótt þegar
 ugluvælið kom nær
 og blóð einhvers sem var búið að drepa
 sneri aftur til mannheima
 Langt fyrir handan, við útjaðar sálar minnar, sá ég
 að húskarlar laumuðust hjá
 háir vitar Kastalar slútandi fram af hengiflugi
 Pólstjarnan Heilög Marína¹³ með djöfla sína og ára
 Og langt handan við öldur hafins
 á Eyjunni vogskornu¹⁴ með ólívulundafirðina
 Fannst mér ég sjá bregða fyrir eitt augnablik
 þeim sem gaf blóð sitt¹⁵ svo ég yrði hold
 að hann gengi upp grýtta slóð Dýrlingsins
 einu sinni enn
 Einu sinni enn
 drap hann fingri í vötnin í Geras¹⁶
 og kveikti á þorpunum fimm
 Papados Plakados Paleokipos
 Skopelos og Mesagros¹⁷
 arfur og eignarlönd fjölskyldu minnar.
 „En núna“ sagði hann „verður hin önnur ásýnd þín
 að koma upp í ljósið“
 og löngu fyrr en mér komu í hug
 merki um eld eða útlínur grafhýsis
 Þar sem engum var unnt að sjá

13 Samkvæmt grískri þjóðtrú getur heilög Marína varið menn gegn ásókn ára og djöfla.

14 Eyjan vogskorna er Lesbos, en þaðan var Elýtis áttaður.

15 Hér er e.t.v. átt við Theódór (Θεόδωρος / Θεόδωρος) sem dó píslarvættisdauða á Lesbos árið 1795 og er einn af dýrlingum grísku kirkjunnar. Elýtis kvað eiga áttir að rekja til hans.

16 Geras er flói á sunnanverðri Lesbos.

17 Þessi fimm þorp eru öll í nágrenni Geras-flóa.

beygði hann sig
 með útréttar hendur
 og útbjó Neindirnar miklu í jörðina
 og líkama mannsins:
 Neind Dauðans fyrir Nýfædda Barnið sem Kemur
 Neind Morðsins fyrir hinn Réttláta Dóm
 Neind Fórnarinnar fyrir Makleg Málagjöld
 Neind Sálarinnar fyrir Ábyrgð á Öðrum
 Og Nóttin þrenningarfjóra
 gamals
 tungls sem var sagað út úr heimþrá
 með rústir yfirgefnar myllu og meinlausan þefinn af taði
 fann sér stað innan í mér
 Andlitin breyttu um hlutföll; þyngdin dreifðist öðru vísi
 Harður líkami minn var akkeri sem seig
 ofan í menn
 þar sem voru engin önnur hljóð
 en undirgangur harmagrátur og kveinstafir
 og brestir í ranghverfu andlitsins
Af hvaða tilvistarlausu ættbálki er ég kominn
 og þá fyrst skildi ég
 að hugsun Hinna
 hallandi eins og egg á gleri
 skarst í gegnum mig þar sem ég stóð Uppréttur
 Ég sá greinilega inn í húsin eins og þau hefðu enga veggi
 gamlar konur ganga þar um með lukt í hendi
 það voru sprungur á enni þeirra og líka í loftinu
 og hinir voru ungir menn með yfirskegg og byssubelti
 þöglir
 með tvo fingur á skeftinu
 og aldir liðu.
 „Sjáðu“ sagði hann „þetta eru Hinir
 sem verða ekki Þeir sjálfir án Þín
 og Þú verður ekki heldur án Þeirra
 Sjáðu“ sagði hann „þetta eru Hinir
 og mikilvægast af öllu að þú horfist í augu við þá
 ef þú vilt að ásýnd þín haldist
 og sé óafmáanleg.
 Af því margir ganga í svörtum skyrtum¹⁸
 og aðrir tala tungumál broddgaltanna

18 Upptalninguna í þessari línu og þeim næstu er engin leið að þýða af neinni nákvæmni. Hún vísar sennilega til ýmissa þjóða og hópa sem hafa ráðist inn í Grikkland. Þeir í svörtu skyrtunum gætu verið ítalskir fasistar sem gerðu innrás 1940.

Hráætur¹⁹ og Vatnaþumbar
 Hveitiskræfur og Öskufés og Stefnuvargar
 Hópum saman og brúnaþjöldinn á krossi
 Ferhyrnnar.²⁰
 Ef þú ert að sönnu stöðugur og horfist í augu við þá“ sagði hann
 „er líf þitt hvasst og þú stjórnar“ sagði hann
 „Vopnist nú allir“ sagði hann
 Og sá sem ég var að sönnu Sá sem ég var fyrir fjölmörgum öldum
 Sá sem er ennþá í eldinum ferskur og grænn og Ekki skorinn frá himni
 Gekkk inn í mig og Varð
 sá sem ég er
 Klukkan þrjú um nótt²¹
 barst fyrsta hanagalið
 úr fjarska yfir kofana
 Í augnablik sá ég Háreistar Súlur
 Rétthyrndan Myndflöt með Sterklegum Dýrum²²
 og Menn sem báru Guðlega Speki
 Sólin fékk svip sinn Höfuðengillinn mér til hægri um aldir alda

ÞETTA er þá ég
 og heimurinn smái og heimurinn stóri!

Atli Harðarson þýddi

19 Í ellefta þætti Illíonskviðu (línu 479) eru óvinir Grikkja kallaðir hráætur.

20 Ferhyrnan (τετρακτύς / tetraktys) er tákn sem er myndað úr tíu punktum raðað í þríhyrning (fjórur í neðstu röð, þrem í næstu, þá tveim og einum í efstu línu). Fylgismenn Þýþagórasar töldu þetta tákn heilagt.

21 Það var klukkan þrjú um nótt þann 28. október 1940 sem Grikkir lýstu yfir stríði gegn innrásarher Ítala. Þessi tímasetning markar því upphaf atburða sem vísað er til í öðrum hluta bókarinnar.

22 Þessi lýsing getur átt við Meyjarhofið (Parþenon) í Aþenu.

III

Ritstjórnarefni

Óðfræðifélagið Boðn

Annáll ársins 2016

Aðalfundur Óðfræðifélagsins Boðnar var haldinn 17. febrúar 2016 í Esperantóhúsinu að Skólavörðustíg 6b og hófst kl. 17. Þórunn Sigurðardóttir, formaður Boðnar, setti fund og skipaði Helga Skúla Kjartansson fundarstjóra og Öldu Björk Valdimarsdóttur fundarritara. Fundargerð síðasta aðalfundar var lesin upp og samþykkt einróma. Annáll ársins 2015 var lesinn upp, en hann er prentaður í *Són* 13(2015), bls. 186–187. Í stjórn voru endurkosin Helgi Skúli Kjartansson, Þórunn Sigurðardóttir og Alda Björk Valdimarsdóttir. Varamenn voru kosnir Kristján Eiríksson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson. Sjálfkjörnir í stjórn eru ritstjórar Sónar og Braga óðfræðivefs. Þau eru: Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Haukur Þorgeirsson og Bjarki Karlsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosin Kristján Árnason og Rósa Þorsteinsdóttir.

Són. Tímarit um óðfræði, 13. árgangur, kom út á árinu.

Hinn 15. apríl 2016 var hið árlega Boðnarþing haldið í Aðalbyggingu Háskóla Íslands, stofu 050. Þingið hófst kl. 13.00 og því lauk kl. 16.30. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir setti þingið en ráðstefnustjóri var Guðrún Ingólfssdóttir. Fluttir voru sex fyrirlestrar.

Dagskrá Boðnarþings 2016 var sem hér segir:

Bjarki Karlsson málfræðingur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *Kerfisfræði rímnabátta: Söguleg þróun og vannýtt tækifæri*.

Eva María Jónsdóttir bókmenntafræðingur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *Þrjár gerðir rímna af Gretti Ásmundarsyni*.

Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: *Grímur og Gautur: Búarímur sem svar við Pétri Gaut?*

Rósa Þorsteinsdóttir þjóðfræðingur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: „Það vill heldur djassinn ...“: *Rímnakveðskapur á síðustu öld*.

Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir bókmenntafræðingur, Hótel Leirubakka: *Hvernig lín breytist í morðara: Um rímurnar af Mábil sterku og munnlega geymd þeirra*.

Þórarinn Eldjárn, skáld: *Er hægt að yrkja nútímarímur í alvöru?*

Alls voru haldnir þrjár stjórnarfundir á árinu auk aðalfundar: 11. janúar, 17. febrúar (aðalfundur), 24. ágúst og 22. nóvember. Stjórnarmeðlimir héldu hver sínu embætti. Þórunn Sigurðardóttir formaður, Bjarki Karlsson gjaldkeri og Alda Björk Valdimarsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Helgi Skúli Kjartansson, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Haukur Þorgeirsson. Hin tvö síðarnefndu, ritstjórar Sónar, fara saman með eitt atkvæði á fundum.

Stjórn sótti um styrk til menntamálaráðherra og fékk 250.000 krónur. Ráðgert er að halda næsta Boðnarþing snemma á vormisseri 2017.

Þórunn Sigurðardóttir,
formaður Óðfræðifélagsins Boðnar

Aðalfundur Óðfræðifélagsins Boðnar 2017

Aðalfundur Óðfræðifélagsins Boðnar 2017 verður haldinn miðvikudaginn **15. febrúar** næstkomandi í **Hámu** á Háskólatorgi og hefst **kl. 16.**

Dagskrá verður sem hér segir:

1. *Skipan fundarstjóra og fundarritara.*
2. *Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.*
3. *Annáll ársins 2016.*
4. *Reikningar lagðir fram.*
5. *Kosning í stjórn.*
6. *Kosning skoðunarmanna reikninga.*
7. *Önnur mál.*

Þórunn Sigurðardóttir formaður

Boðnarþing 2017

Ljóðlist á 21. öld

Árlegt **málþing** Óðfræðifélagsins Boðnar verður haldið í **Odda**, húsi félagsvísinda í Háskóla Íslands, föstudaginn **28. apríl**, kl. 13–17.

Erindi flytja:

- » *Alda Björk Valdimarsdóttir*
- » *Bergljót S. Kristjánsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir*
- » *Benedikt Hjartarson*
- » *Kjartan Már Ómarsson*
- » *Ragnar Ingi Aðalsteinsson*

Upplestur úr skáldverkum:

- » *Lommi (Jón Örn Loðmförð)*
- » *Bjarki Karlsson*

Nánari dagskrá verður auglýst þegar nær dregur á vef Boðnar (bodn.is) og á Facebook-síðu félagsins (Són og Boðn).

Allir velkomnir

Áskrifendur *Sónar* eru hvattir til að koma og taka með sér gesti.

Greinar

Rósa Þorsteinsdóttir:

„Það vill heldur djassinn ...“ – Um vinsældir rímnakveðskapar á síðustu öld

Þorgeir Sigurðsson:

Tvískelfdur háttur og REKSTEFJA

Heimir Pálsson:

Tilraun til menningarbyltingar

Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Sigurður Konráðsson:

Hlutföll hljóða í ljóðstöfum

Haukur Þorgeirsson:

Hnútasvípa Sievers prófessors – Um bragfræði VÖLUSPÁR

Atli Harðarson:

Þýðing á SKÖPUNINNI eftir Oðýsseas Elytis

Helgi Skúli Kjartansson:

Sönglög og bragliðir

Þórunn Sigurðardóttir:

„Af hrærðum hjörtum“ – Tregablandið þakklæti
í heillaósk til handa ársögmlu barni eftir Ara Jochumsson

Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir:

Stigið yfir þröskuld táranna – Um Upphafningu Inönnu eftir Enhedúönnu

Þórður Helgason:

Boð á ástarfund

Sónarljóð

HAUSTLITASYNFÓNÍAN

eftir Sigurð Pálsson

Ljóðskáld

Dagur Hjartarson, Eiríkur Örn Norðdahl, Guðrún Hannesdóttir,
Jón Ingvar Jónsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Sigurlín Bjarney
Gísladóttir, Soffía Bjarnadóttir og Þórður Helgason

